

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd

Sent í umsagnargátt Alþingis

Reykjavík, 27. október 2025

Efni: Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða um tillögu til þingsályktunar um bætur vegna tvísköttunar lífeyrisgreiðslna, 5. mál

Með tölvupósti frá nefndasviði Alþingis, þann 15. október, var Landssamtökum lífeyrissjóða (LL) sent til umsagnar ofangreint mál.

Fyrir gildistöku staðgreiðslu skatta var iðgjaldahluti launafólks frádráttarbær frá skatti. Á árinu 1988 tóku gildi umtalsverðar breytingar á tekjuskattslögum, þar á meðal afnám frádráttarbærni iðgjalda launafólks til lífeyrissjóða. Þessi breyting sætti verulegri gagnrýni og voru gerðar lagfæringar í áföngum á árunum 1995-1997. Frá og með 1. júlí 1997 urðu iðgjöld launafólks að fullu frádráttarbær.

Að finna nákvæmlega út úr því um hvaða einstaklinga ræðir, hvernig skattlagningu tekna þeirra var háttað við inngreiðslu iðgjalda, hvernig skattlagning verður á greiddan lífeyri úr lífeyrissjóðum og samspili þeirra við greiðslur almannatrygginga kann að reynast örðugt verkefni.

Umrædd skattlagning sem hefur merki tvískattlagningar sætir réttmætri gagnrýni og því víti til að varast. Allar breytingar á skattlagningu lífeyrissparnaðar þurfa að vera vel ígrundaðar enda mjög mikilvægt að halda stöðugleika í skattlagningunni og tryggja jafnvægi um nýtingu skattstofna milli kynslóða. Tvískattlagning, í hvaða formi sem er, reynir eðlilega á réttlætiskennd borgaranna.

Með vísan í framangreint taka LL undir mikilvægi þess að aldrei komi til þess að lífeyrisréttindi sæti tvískattlagningu. Tímabilið þar sem iðgjöld launamanna voru ekki frádráttarbær frá tekjuskattstofni er víti til varnaðar og má slíkt ekki endurtaka sig.

Virðingarfyllst,
f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða

Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri